



## Fundargerð

Fundur í Skipulags-, -hafnar- og húsnæðisnefnd  
fimmtudaginn 05.12.19 kl. 10:00.  
Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Ingimar Ingimarsson, Eiríkur Kristjánsson og Herdís Erna Matthíasdóttir í  
forföllum Jóhönnu Aspar Einarasdóttur. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson  
byggingarfulltrúi, Þórður Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri  
auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

### 1. Tröllendi 7 - Flatey:

Tekið fyrir erindi um að stofna lóð að Tröllenda 7 í Flatey sem hugsuð er m.a.  
fyrir brunaskýli, skv, framlögðum uppdrætti og hnitum. Stærð lóðarinnar er 508  
m<sup>2</sup>.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar en jafnframt að hún verði kynnt  
nágrönnum.

### 2. Skipulagslýsing Vindorkugarðs Garpsdal:

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir umsögnum varðandi skipulagslýsingu fyrir  
vindorkugarða á Garpsdalsfjalli en sex umsagnir bárust.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og  
skipulagshöfundar taki mið af þeim ábendingum sem bárust.

### 3. Viðvera skipulags- og byggingarfulltrúa:

Samþykkt að byggingarfulltrúi verði með fasta viðveru á Reykhólum þriðja  
fimmtudag í mánuði, auk viðveru byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á fyrsta  
fimmtudegi í mánuði.

### 4. Staða og framgangur framkvæmda Hellisgötu 72:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við Hellisbraut 72. Verið er að  
fara yfir stöðuna varðandi kostnað sem fallið hefur á sveitarfélagið vegna  
framkvæmdanna og réttarstöðu þess til bóta.

### 5. Gjaldskrár:

Farið yfir gjaldskrár sem tengjast skipulags-, húsnæðis- og hafnarmálum.

### 6. Önnur mál:

Engin.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.37

---

---

---

---

---

---

---